

**Ed.**

**112. Nefndarálit**

[59. mál]

um frv. til l. um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta stefnir að því að afla ríkissjóði fjár í þágu Byggingarsjóðs ríkisins til að uppfylla gefin fyrirheit um viðbótarlán til húsbyggjenda. Minni hl. nefndarinnar vill ekki standa gegn því að reyndar verði nýjar leiðir í útgáfu ríkisskuldabréfa ef það gæti orðið til að auka innlendan sparnað í þágu Byggingarsjóðs ríkisins, þótt vandséð virðist að þessar nýju tegundir skuldabréfa seljist svo miklu betur en hin gamalkunnu spariskírteini ríkissjóðs og í svo miklu magni sem hér er stefnt að á þessu ári þegar aðeins einn og hálfur mánuður er til ársloka.

En meginatriði þessa máls er að lofordin um viðbótarlán til húsbyggjenda verði ekki svikin. Yfirlýsingar hæstvirts fjármálaráðherra undanfarna daga vekja ótta um að svo gæti farið. Minni hl. nefndarinnar leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

**BREYTINGU:**

Við 1. gr. bætist ný málsgrein sem verði 3. mgr.:

Það fé, sem fæst með sölu skuldabréfa, sbr. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skal endurlánað húsbyggjendum sem viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins: Seðlabanki Íslands skal lána Byggingarsjóði ríkisins þessa upphæð, 200 millj. kr., til bráðabirgða. Takist ekki að selja skuldabréf samkvæmt frumvarpi þessu eins og ráðgert er, skal bráðabirgðalán Seðlabankans gert upp með innlendri fjáröflun ríkissjóðs á árinu 1984.

Alþingi, 14. nóv. 1983.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir,  
fundaskr.

Ragnar Arnalds,  
frsm.

Magnús H. Magnússon.